

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 2
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 13. febrúar 2012

VARÐAR: BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ SORPU BS.

Þann 21. desember síðastliðinn birti Samkeppniseftirlitið ákvörðun sína nr. 34/2012 er varðaði „Misnotkun SORPU bs. á markaðsráðandi stöðu sinni“. Í ákvörðuninni er lögð 45 milljón króna stjórnvaldssekt á fyrirtækið auk þess sem eftirfarandi fyrirmælum er beint til samlagsins:

„SORPA bs. skal endurskoða gjaldskrá fyrir þjónustu sína. Viðskiptakjör í nýrri gjaldskrá skulu vera almenn, gagnsæ og hlutlæg þannig að aðilar sem eiga í samskonar viðskiptum við SORPU bs. njóti sömu kjara“.

Í ljósi ofangreinds ákvað stjórn SORPU bs á fundi sínum þann 11. febrúar síðastliðinn að fella niður alla afslætti sem verið hafa í gildi hjá samlaginu – bæði almenna viðskiptaafslætti og s.k. eigendaafslætti. Afslættirnir falla niður frá og með 15. febrúar. Um leið var gjaldskrá fyrir ákveðna vöruflokka breytt sem hér segir:

Gufunes

VRN	Heiti	Kr/kg með vsk	Var (með vsk) kr/kg	Breyting
14001	Blandaður heimilisúrgangur og skyldur úrgangur	17,26	17,79	-3,00%
14016	Grófur úrgangur	24,61	25,13	-2,07%
14004	Timbur – ekki ljós-/hvítmálað eða plasthúðað	4,05	5,01	-19,09%
14005	Timbur – ljós-/hvítmálað eða plasthúðað	13,16	13,55	-2,84%

Álfsnes

Heiti	VNR	Kr/kg með vsk	Var (með vsk) kr/kg	Breyting
Bagggaður úrgangur, véltækur úrgangur, rafhlöður, lyf	12101, 12102, 12110, 12134	8,29	8,55	-3,01%
Óbagganlegur úrgangur, gúmmiúrgangur, net, troll og kaðlar, gifs, asbest, mengaður jarðvegur, hæsnaskítur, svínaskítur, fóður, mjög og hveiti, deig, ölgeraðrhrat, lýsishrat, fiskúrgangur, Seyra/hrat/eðja > 50% þurrefni, sláturúrgangur 2. Áhættuflokkur, sláturúrgangur 3. Áhættuflokkur – í stórsekkjum og laust, Dýrahæ 2. Áhættuflokkur – frá dýralæknum og einstaklingum, Dýrahæ 2. Áhættuflokkur - frá landbúnaði, ásóttur úrgangur, málningarúrgangur / ristarúrgangur >50% þurrefni	12130, 12122, 12160, 12136, 12135, 12128, 12111, 12113, 12121, 12120, 12131, 12116, 12123, 12132, 12124, 12125, 12138, 121192, 1211902, 12137, 12133	12,17	12,58	-3,25%
Seyra/hrat/eðja 20% til 50%, málningarúrgangur/ristarúrgangur 20% til 50% þurrefni 12126	12126, 12127	6,98	7,21	-3,26%

Hafnarfjarðarbær
Innk: 19. 2. 2013
Málsnr: 130 22 59
Bréfal: 580.3

Gjaldskrá fyrir annan úrgang er óbreytt. Greiðslufrestur reikninga er síðasti virki dagur mánaðar eftir úttekt viðskipta. Með þessu móti er ekki hægt að deila um að allir njóti sömu kjara hjá samlaginu.

Virðingarfyllt,
f.h. SORPU bs.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Björn H. Halldórsson'. The signature is fluid and cursive, written in a professional style.

Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri